



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 30. maí 2023, fundur hófst kl 19:00.

**Staður:** Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Sverrir Einarsson formaður, Pétur Örn Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Jenny Elisabet Eriksson ritari, Davíð Áskelsson, Haraldur Pétursson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri. Fjárverandi er Gunnar Már Þórðarson.

1. Umræður um LM 2024 og að stofna nýtt félag í kringum mótið. Kostnaður er sirka 140.000 kr sem skiptist á milli Sprettis og Fáks. Ákveðið að leggja það til frekar en að nota félagið sem til er síðan 2020/2022.

Lagt er til að Sprettur tilnefnir Sveinbjörn Sveinbjörnsson (yngri) sem stjórnarmann í nýja félaginu sem stofnað verður kringum LM 2024.

2. Lilja og Davíð segja frá fundi sem haldinn var með nokkrum félagsmönnum í síðustu viku varðandi það að greina betur hvað íþrottafélögin í Garðabæ og Kópavogi eru í rauninni að fá í styrk og niðurgreiddan rekstrarkostnað.  
Mikilvægt er að nálgast þetta frá sjónarhorni sem snýr meira að því hvað við getum gert fyrir sveitarfélagið?
  - Aðstöðu fyrir börn og unglinga
  - Úrræði fyrir börn og unglinga
  - Aðstöðu fyrir fatlaða

Ákveðið var að settur verður saman hópur til að vinna þetta verkefni áfram. Davíð ætlar að taka málið áfram og býður sig fram í hópinn.

Næstu skref eru að boðað verður til fundar mánudaginn 5. júní þar sem þessi mál verða rædd

3. Rætt er um að kaupa traktor handa félagið. Sverrir upplýsir um að rúmlega 3 milljónir eru ennþá til hjá Hmf. Gusti sem hægt væri að nota í þetta. Ákveðið að kaupa traktor ef rétta traktorinn finnst.

Fundi slitið kl. 21:00.

Fundargerð ritaði Jenny Elisabet Eriksson.